

Geðfötluðum er úthýst allsstaðar

Vogur á erfitt með að taka við geðfötluðum vímuefnaneytendum. Bráðabjónustan á Landspítalanum vill þá ekki heldur. Sveinn Magnússon hjá Geðhjálp segir ástandið verra en nokkru sinni fyrr og telur fásinnu að halda að geðsjúkdómar fari í sumarfrí.

GEÐSIJÚKDÓMAR Ástandið er vægast sagt skelfilegt og alveg með ólíkindum að ætla að geðsjúkdómar láti ekki á sér kræla á sumrin," segir Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri Geðhjálp. Hann segir úrræðaleysið vera algjört þegar komi að geðsjúkdómum. „Á hverju sumri skapast það ástand að geðfatlaðir liggja úti og eigi hvergi í hús að vernda. Verst sé ástandið á meðal geðfatlaðra sem einnig

það er ekkert nema gatan sem bíður og sama sagan endurtekur sig nokkrum dögum síðar.

neyta áfengis og vímuefna. Dæmi eru um að komið er með slíka sjúklinga í sjúkrabifreið á bráðamóttöku og þaðan er þeim úthýst. Vogur getur illa tekið við þeim vegna þess að geðfötlunin er aðalsjúkdómurinn og aðstandendur hafa enga aðstöðu auk þess sem þeir eru oftast búnir að fá nóg. Það er ekkert nema gatan sem bíður og sama sagan endurtekur sig nokkrum dögum síðar. Þetta er sagan endalausa," segir Sveinn.

Hann segir ekkert gerast í kerfinu þrátt fyrir að barist hafi verið fyrir því ár eftir ár að einhverju vistunarúrræði fyrir þetta fólk. Heilbrigðisráðuneytið kastar



boltanum yfir til félagsmálaráðuneytisins og öfugt og á meðan verða þessir sjúklingar enn veikari eða hreinlega lifa ekki af.

Sveinn segir alveg ljóst að ef ástandið eigi að lagast verði menn að taka höndum saman og gera eitthvað í þessum málum. „Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs leituðu til okkar yfir 500 einstaklingar.

Á Vogu er reynt að taka við öllum áfengissjúklingum að sögn Einars Axelssonar lækni. „Við finnum alltaf fyrir aukinni aðsókn geðfatlaðra í meðferð á Vog um þetta leyti árs. Við eigum hins vegar erfitt með að hafa þá samvistum við aðra sjúklinga og þurfum því oft að láta þá fara," segir Einar. Hann segir það gamla lög málið um meiri hagsmuni fyrir minni sem þar ráði. „Þegar einn geðsjúkur vímuefnaneytandi er farinn að trufla svo meðferð fyrir mörgum öðrum er það ekki spursmál að hann þarf að víkja.“

bergjot@frettabladid.is

**GEÐFATLAÐIR VÍMUEFNANEY-
ENDUR FÁ HVERGI INNI**
Landspítalinn vill fá þá edru og Vogur á erfitt með að taka þá sem haldnir eru geðsjúkdómum